

Reglur Forvarnarsjóðs Reykjanessbæjar

1. grein

Sjóðurinn heitir *Forvarnarsjóður Reykjanessbæjar* og er í vörslu bæjarsjóðs.

2. grein

Markmið sjóðsins er:

- Að styðja og styrkja forvarnarstarf í Reykjanessbæ
- Að aðstoða við framkvæmd forvarnarverkefna

3. grein

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjanessbæjar úthlutar styrkjum úr sjóðnum samkvæmt vinnureglum. Heimilt er að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun ráðsins, en ofangreindir aðilar geta einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsókna.

Sækja skal um í sjóðinn áður en forvarnarverkefni eru framkvæmd.

4. grein

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- Árlegt framlag bæjarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun
- Frjáls framlög
- Vaxtatekjur

5. grein

Íþróttá- og tómstundaráð skipar stjórn sjóðsins og skal birta uppgjör hans árlega með fundargerðum ráðsins.

6. grein

Reglugerð þessi tekur gildi þegar bæjarstjórn Reykjanessbæjar hefur staðfest hana.

Samþykkt á fundi Íþróttá- og tómstundaráðs þann 1. desember 2015